

Íslensk hönnun: Helga Hreinsdóttir

## Röndótt peysa

**Stærðir:**  
(S) M (L)

### Mál á peysu:

Yfirvidd: (85) 94 (103) sm  
Sídd: (65) 71 (78) sm  
Ermalengd: (45) 47 (47) sm, eða önnur valin lengd

### Garn:

Kitten Mohair  
Svart 1099: (2) 2 (3) dokkur  
Karrigult 2527: (2) 2 (2) dokkur  
Dökkgrátt 1076: (1) 1 (1) dokka  
Hvítt 1001: (1) 1 (1) dokka  
Ljósbrúnt 2331: (1) 1 (1) dokka  
Brúnn 3471: (1) 1 (1) dokka  
Galaxy gyllt 7: (1) 1 (1) dokka

### Prjónar / fylgihlutir:

Hringprjónar nr 5 og 6  
Sokkaprjónar nr 6, heklunál nr 4  
Merkihringir  
Prjónanælur

### Prjónafesta:

16 L slétt prjón á prjóna nr 6, u.þ.b. = 10 sm

### Munstur A:

5 sl, 1 br. Peysan er öll prjónuð með þessu munstri. Prjónið gyllt og brúnt saman.

**Bolur:** Fitjið upp með svörtu (144) 156 (168) á prjóna nr 6. Prjónið : (6) 7 (9) umf. stroff, 1sl, 1br. Prjónið með svörtu 1 umf.

**Munstur A.** Prjónið eftir munsturteikningu þar til bolurinn mælist u.þ.b. : (52) 57 (62) sm. Endið á heilu munstri. Setjið merki í hliðar. Prjónið 4 umf. með

svörtu. Fellið af fyrir handveg 5 L. beggja megin við merki. Eftir það er hvor hluti prjónaður fyrir sig.

**Bakstykki:** Prjónið með svörtu, **munstur A** og takið úr í annarri hverri umf, þannig: 1 sl, 2 sl saman, prjónið þar til eftir eru 3 L, 2 sl saman, 1 sl. Haldið áfram með úrtökur þar til eftir eru: (34) 40 (46) L. Prjónið 4 umf með svörtu. (Þá á berustykki mælt frá handvegi að vera u.þ.b. 23 sm fyrir allar stærðir en u.þ.b. 26 sm mælt eftir skáanum). Setjið L. á prjónanælu.


**Framstykki:** Prjónið á sama hátt og takið úr eins og á bakstykki. Þar til eftir eru: (34) 40 (46) L. Setjið L. á prjónanælu. Prjónið ermar.

**Ermar:** Fitjið upp með karrygulu á sokkaprjóna nr 6: (54) 60 (60) L. Prjónið : (6) 7 (9) umf. stroff, 1sl, 1br. Prjónið 1 umf sl og aukið út í með jöfnu millibili (6) 12 (12) L = (60) 72 (72) L. Prjónið **munstur A** þar til komnir eru (22) 24 (24) sm. Prjónið nú 1 munstur eftir munsturteikningu með svörtu. Prjónið áfram með svörtu **munstur A** og aukið út undir miðri ermi 1 L. beggja megin við merki, í annarri hverri umf. þar til komnar eru (96) 102 (102) L. Fellið af undir ermi 10 L. Prjónið nú fram og til baka. Takið úr eftir það 1 L. hvoru megin, í annarri hverri umf. þar til eftir eru (34) 40 (46) L. (Þá mælist frá handvegi u.þ.b. 26 sm mælt eftir skáanum). Fellið af.

**Frágangur:** Saumið ermarnar á bolinn. Heklið eina umf. krabbahekl með svörtu framan á ermar.

**Hálsmál:** Setjið L. sem

geymdar voru á prjónanælum yfir á hringprjón nr 5, takið upp L. af ermum. Prjónið 1 umf. sl. með svörtu og jafnið lykkjufjöldann í (110) 122 (122) L. Skiptið yfir í brúnt og galaxy og prjónið (4) 4 (4,5) sm stroff 1 sl, 1 br. Fellið af.



Svart

Karrygult

Gyllt/  
brúnt

Hvítt

Grátt

Ljósbrúnt

Svart

Eitt munstur 3- 14 (12 L)  
V = brugðið